

Skólaráðsfundur 18. febrúar 2021

Mættir: Hildur J. Hildur Seljan formaður foreldrafélags, Helga Gunnlaugs fulltrúi grunnskólaforeldra, Sara Lovísa fulltrúi grenndarsamfélags, Arnór varamaður, Helga Hreiðars fulltrúi leikskólaforeldra, Herdís Milla fulltrúi nemenda, Tucher Vaughn fulltrúi nemenda, Sigrún Ásta, Ragnhildur Þórarins fulltrúi kennara, Helena Katrín ritar fundargerð.

Farið yfir hvað er skólaráð og hlutverk þess.

Settir niður fundir skólaráðs út skólaárið. Rætt hvaða tími dags hentar best, ákveðið að halda morgunfundartímum og reyna að skiptast á hvaða dag vikunnar hentar best, gott að láta það skiptast á vikudögum.

Fundir vetrarins verða kl 8:15:

Mánudagur 15. mars

Þriðjudagur 13. apríl

Miðvikudagur 5. maí

Fimmtudagur 27.maí

Skóladagatal næsta árs rætt. Dagatalið er enn í vinnslu og verður lagt til samþykktar síðar.

Rætt um hvaða álitamál eru til umræðu, sameiginlegir starfsdagar leik og grunnskóla hverfisins, ólíkar þarfir aðila skólasamfélagsins.

Vika sex rædd. Fulltrúar nemenda segja frá hvað var unnið í hverjum árgangi í unglingadeild í þemavikunni í viku sex. Sagt frá sameiginlegri fræðslu sem fór inn í alla árganga.

Boðið var upp á fyrirlestur um klám og klámnotkun fyrir starfsmenn og foreldra allra grunnskólabarna. Munum senda út fræsluefni í kjölfarið.

Húsnæðismál – Það kom upp mál varðandi þakglugga, var lagað og hreinsað af hugsanlegri myglu.

Gluggi lekur aftur í miðskipinu. Það hafa lekið gluggar norðanmegin.

Uppgötvaðist fyrir nokkrum dögum að lekið hefur undir gólfi í 7. og 8. bekkjarstofunum. Það þarf að rýma stofurnar og taka gólfefnið upp. Þurfum að færa tvo árganga líklega úr húsi, okkur býðst Korpuskóli. Verkefni stjórnenda næstu daga að ákveða hvernig þetta verður leyst.

Er verið að taka upp öll gólf í leikskólahluta líka til að skipta um gólfefni.

